

Medtronic



Medtronic MiniMed
18000 Devonshire Street
Northridge, CA 91325
USA
1 800 646 4633
+1 818 576 5555

EC REP

Medtronic B.V.
Earl Bakkenstraat 10
6422 PJ Heerlen
The Netherlands



M994976AOU1_A

REF MMT-7350

© 2019 Medtronic. Allur réttur áskilinn. Medtronic, Medtronic merkið og Further, Together eru vörumerki Medtronic. TM* Vörumerki þriðja aðila eru vörumerki viðkomandi eigenda. Öll önnur merki eru vörumerki Medtronic-fyrirtækis.

Tengiliðir:**Africa:**

Medtronic South Africa and Southern Africa
Office Reception Tel: +27(0) 11 260 9300
Diabetes: 24/7 Helpline: 0800 633 7867
Sub-Sahara 24/7 Helpline: +27(0) 11 260 9490

Albania:

Net Electronics Albania
Tel: +355 697070121

Argentina:

Corpomedica S.A.
Tel: +(11) 4 814 1333
Medtronic Directo 24/7:
+0800 333 0752

Armenia:

Exiol LLC
Tel: +374 98 92 00 11
or +374 94 38 38 52

Australia:

Medtronic Australasia Pty. Ltd.
Tel: 1800 668 670

Bangladesh:

Sonargaon Healthcare Pvt Ltd.
Mobile: (+91)-9903995417
or (+880)-1714217131

Belarus:

Zarga Medica
Tel: +375 29 625 07 77
or +375 44 733 30 99
Helpline: +74995830400

België/Belgique:

N.V. Medtronic Belgium S.A.
Tel: 0800-90805

Bosnia and Herzegovina:

„Novopharm“ d.o.o. Sarajevo
Tel: +387 33 476 444
Helpline: 0800 222 33
Epsilon Research Intern. d.o.o.
Tel: +387 51 251 037
Helpline: 0800 222 33

Brasil:

Medtronic Comercial Ltda.
Tel: +(11) 2182-9200
Medtronic Directo 24/7:
+0800 773 9200

Bulgaria:

RSR EOOD
Tel: +359 888993083
Helpline: +359 884504344

Canada:

Medtronic Canada ULC
Tel: 1-800-284-4416 (toll free/sans-frais)

Chile:

Medtronic Chile
Tel: +(9) 66 29 7126
Medtronic Directo 24/7:
+1 230 020 9750
Medtronic Directo 24/7 (From Santiago): +(2) 595 2942

China:

Medtronic (Shanghai) Management Co., Ltd.
Landline: +86 800-820-1981
Mobile Phone: +86 400-820-1981
Calling from outside China: +86 400-820-1981

Colombia:

Medtronic Latin America Inc. Sucursal Colombia
Tel: +(1) 742 7300
Medtronic Directo 24/7 (Landline):
+01 800 710 2170
Medtronic Directo 24/7 (Cellular):
+1 381 4902

Croatia:

Mediligo d.o.o.
Tel: +385 1 6454 295
Helpline: +385 1 4881144
Medtronic Adriatic d.o.o.
Hjálparsími: +385 1 4881120

Danmark:

Medtronic Danmark A/S
Tel: +45 32 48 18 00

Deutschland:

Medtronic GmbH
Geschäftsbereich Diabetes
Telefon: +49 2159 8149-370
Telefax: +49 2159 8149-110
24-Stdn-Hotline: 0800 6464633

Eire:

Accu-Science LTD.
Tel: +353 45 433000

España:

Medtronic Ibérica S.A.
Tel: +34 91 625 05 42
Fax: +34 91 625 03 90
24 horas: +34 900 120 330

Estonia:

AB Medical Group Estonia Ltd
Tel: +372 6552310
Helpline: +372 5140694

Europe:

Medtronic Europe S.A. Europe, Middle East and Africa HQ
Tel: +41 (0) 21-802-7000

France:

Medtronic France S.A.S.
Tel: +33 (0) 1 55 38 17 00

Hellas:

Medtronic Hellas S.A.
Tel: +30 210677-9099

Hong Kong:

Medtronic International Ltd.
Tel: +852 2919-1300
To order supplies:
+852 2919-1322
24-hour helpline: +852 2919-6441

India:

India Medtronic Pvt. Ltd.
Tel: (+91)-80-22112245 / 32972359
Mobile: (+91)-9611633007
Patient Care Helpline:
1800 209 6777

Indonesia:

Medtronic International Ltd.
Tel: +65 6436 5090
or +65 6436 5000

Israel:

Medtronic
Tel. (orders):
+9729972440, option 3 + option 1
Tel. (product support):
+9729972440, option 2
Helpline (17:00 – 08:00
daily/weekends – Israel time):
1-800-611-888

Italia:

Medtronic Italia S.p.A.
Tel: +39 02 24137 261
Fax: +39 02 24138 210
Servizio assistenza tecnica:
N° verde: 800 60 11 22

Japan:

Medtronic Japan Co. Ltd.
Tel: +81-3-6776-0019
24 Hr. Support Line: 0120-56-32-56

Kazakhstan:

Medtronic BV in Kazakhstan
Tel: +7 727 311 05 80 (Almaty)
Tel: +7 717 224 48 11 (Astana)
Круглосуточная линия поддержки:
8 800 080 5001

Kosovo:

Yess Pharma
Tel: +377 44 999 900
Helpline: +37745888388

Latin America:

Medtronic, Inc.
Tel: 1(305) 500-9328
Fax: 1(786) 709-4244

Latvija:

RAL SIA
Sími: +371 67316372
Hjálparsími (9:00 til 18:00):
+371 29611419

Lithuania:

Monameda UAB
Tel: +370 68405322
Helpline: +370 68494254

Macedonia:

Alkaloid Kons Dooel
Tel: +389 23204438

Magyarország:

Medtronic Hungária Kft.
Tel: +36 1 889 0688

Malasía:

Medtronic International Ltd.
Tel: +603 7946 9000

Middle East and North Africa:

Regional Office
Tel: +961-1-370 670

Montenegro:

Glosarij d.o.o.
Tel: +382 20642495

México:

Medtronic Servicios S. de R. L. de C.V.
Tel (México DF): +(11) 029 058
Tel (Interior): +01 800 000 7867
Medtronic Directo 24/7 (from México DF):

+ (55) 36 869 787
Medtronic Directo 24/7:
+01 800 681 1845

Nederland, Luxembourg:

Medtronic B.V.
Tel: +31 (0) 45-566-8291
Gratis: 0800-3422338

New Zealand:

Medica Pacifica
Phone: 64 9 414 0318
Free Phone: 0800 106 100

Norge:

Medtronic Norge A/S
Tel: +47 67 10 32 00
Fax: +47 67 10 32 10

Philippines:

Medtronic International Ltd.
Tel: +65 6436 5090
or +65 6436 5000

Россия:

ООО «Медтроник»
Tel: +7 495 580 73 77
Круглосуточная линия поддержки:
8 800 200 76 36

Polska:

Medtronic Poland Sp. z o.o.
Tel: +48 22 465 6934

Portugal:

Medtronic Portugal Lda
Tel: +351 21 7245100
Fax: +351 21 7245199

Puerto Rico:

Medtronic Puerto Rico
Tel: 787-753-5270

Republic of Korea:

Medtronic Korea, Co., Ltd.
Tel: +82.2.3404.3600

Romania:

Medtronic Romania S.R.L.
Tel: +40372188017
Helpline: +40 726677171

Schweiz:

Medtronic (Schweiz) AG
Tel: +41 (0)31 868 0160
24-Stunden-Hotline: 0800 633333
Fax Allgemein: +41 (0)318680199

Serbia:

Epsilon Research International d.o.o.
Tel: +381 113115554
Medtronic Serbia D.o.o.
Helpline: +381 112095900

Singapore:

Medtronic International Ltd.
Tel: +65 6436 5090
or +65 6436 5000

Slovenija:

Zaloker & Zaloker d.o.o.
Tel: +386 1 542 51 11
24-urna tehnična pomoč:
+386 51316560

Slovenská republika:

Medtronic Slovakia, s.r.o.
Tel: +421 26820 6942
Helpline: +421 26820 6986

Sri Lanka:

Swiss Biogenics Ltd.
Mobile: (+91)-9003077499
or (+94)-777256760

Suomi:

Medtronic Finland Oy
Tel: +358 20 7281 200
Help line: +358 400 100 313

Sverige:

Medtronic AB
Tel: +46 8 568 585 20
Fax: +46 8 568 585 11

Taiwan:

Medtronic (Taiwan) Ltd.
Tel: 02-21836000
Toll free: +886-800-005285

Thailand:

Medtronic (Thailand) Ltd.
Tel: +662 232 7400

Türkiye:

Medtronic Medikal Teknoloji
Ticaret Ltd. Sirketi.
Tel: +90 216 4694330

USA:

Medtronic Diabetes Global Headquarters
24-Hour Technical Support: +1-800-646-4633
To order supplies: +1-800-843-6687

Ukraine:

Med Ek Service TOV
Tel: +380 50 3311898
or +380 50 4344346
Лінія цілодобової підтримки:
0 800 508 300

United Kingdom:

Medtronic Ltd.
Tel: +44 1923-205167

Österreich:

Medtronic Österreich GmbH
Tel: +43 (0) 1 240 44-0
24 – Stunden – Hotline: 0820 820 190

Česká republika:

Medtronic Czechia s.r.o.
Tel: +420 233 059 111
Non-stop helpLine (24/7):
+420 233 059 059
Zákaznický servis (8:00 - 17:00):
+420 233 059 950

Efnisyfirlit

Kafli 1	1	Inngangur
	1	Eiginleikar
	3	Öryggi
	3	Aðstoð
	3	Hvernig nota á þennan leiðarvísi
	4	Öryggi notanda
Kafli 2	5	Hafist handa
	5	Áður en þú hefst handa
	6	Aðalverkefni
	7	Clinic Administrator (stjórnandi læknastofu)
	8	Notendum læknastofu bætt við
	8	Hækkað í hlutverk stjórnanda læknastofu
	9	Að skilja flutning yfir í CareLink™ kerfið
	9	Staðfesting skýrslustillinga læknastofu
	10	Skilgreining skýrslustillinga
	10	Umsjón höfð með öryggisreglum læknastofu
	10	Öryggisráð vinnustöðvar
Kafli 3	12	Umsjón sjúklinga
	12	Nýjum sjúklingaprófil bætt við
	12	Sjúklingaprófilum breytt
	13	Sjúklingar safnvistaðir
	13	Sjúklingar virkjaðir
	13	Sjúklingar merktir
	14	Sjúklingar afmerktir
	14	Tenging við CareLink™ Personal hugbúnaðinn
	14	Tenging við núverandi reikning
	14	Boð með tölvupósti sent
	15	Tenging við núverandi reikning fjarlægð

Kafli 4	16	Upphleðsla tækja
	16	Uppsetning upphleðsluforrits
	16	Uppsetning vélbúnaðar
	17	Tenging tækja
	18	Nýju tæki bætt við og hlaðið upp
	18	Medtronic dælu hlaðið upp
	18	Mæli hlaðið upp
	18	Upphleðsla tækjagagna
	19	Tæki fjarlægt
Kafli 5	20	Skýrslur
	21	Áður en þú hefst handa
	21	Staðfesting skýrslustillinga sjúklings
	22	Að stofna skýrslur
	23	Val á skýrslutímabili
	23	Gagnadagatal
	23	Leitað eftir tækjagögnum
	24	Að kalla fram skýrslur
	24	Að kalla fram mats- og framvinduskýrslur
	25	Val á daglegum skýrslum
	25	Val á eftirlætisskýrslum
	25	Útflutningur gagna
Kafli 6	27	Stjórnun læknastofureiknings
	27	Að sérsníða Mínar skýrslustillingar
	28	Hlutverk stjórnanda fjarlægt
	28	Ógilding notenda læknastofu
	28	Virkjun notenda læknastofu
	29	Aflæsing notenda læknastofu
	29	Tvívætt sannvottun
Kafli 7	30	Úrræðaleit
	30	Villur við stofnun skýrslu
Kafli 8	31	Táknmyndatafla
Viðauki A	32	CSV-gögn
	32	Dálkagagnaskilgreiningar
	34	Meira um CSV-skrár sem fluttar eru út af CareLink™ kerfinu
	34	Ef gögnin birtast ekki eins og vænst er
Orðalisti	35	

Inngangur

Takk fyrir að velja Medtronic Diabetes sem þinn samstarfsaðila til að hjálpa þér að stjórna sykursýkimeðferð sjúklingsins þíns betur. Við teljum að þú hafir gagn af nýjustu útgáfunni af CareLink™ kerfinu sem veitir þér frelsi til að fá aðgang að skýrslum úr tækjum.

CareLink™ kerfið gerir þér kleift að sækja, vista og gera skýrslur um meðferð sjúklunga og greiningargögn. Þú getur einnig notað það til að fá aðgang að gögnum úr dælu, mæli og nema fyrir blóðsykursmælingu sem sjúklingar þínir hafa hlaðið upp í CareLink™ Personal hugbúnaðinn, meðferðarhugbúnað fyrir sjúklunga á vefnum.

ATHUGASEMD: Þetta skjal sýnir dæmi um hugbúnaðarskjámyndirnar. Skjámyndirnar í hugbúnaðinum kunna að vera svolítið frábrugðnar þeim. Ekki eru allar vörur sem nefndar eru í þessari notandahandbók samþykktar eða tiltækar á öllum svæðum.

Eiginleikar

CareLink™ kerfið er hugbúnaður fyrir meðferð sykursýki fyrir notendur sem hafa aðgang að internetinu. Hann hefur þessa eiginleika:

- Hægt er að búa til sjúklingaskýrslur til að geyma göng sem safnað er úr tæki sjúklings.
- Hægt er að hlaða upp gögnum úr insúlíndælum, sívökturum blóðsykurs, og blóðsykursmælum þriðju aðila með því að tengjast CareLink™ upphleðsluforritinu.
- Gögn frá insúlíndælum, vökturum og blóðsykursmælum er hægt að senda til hugbúnaðarins. Þessi gögn er hægt að geyma, og nota svo til að búa til skýrslur.
- CareLink™ kerfið getur tengst CareLink™ Personal hugbúnaði sjúklingsins, sem veitir aðgang að gögnum tækisins sem vistuð eru í hugbúnaðinum. Þetta gerir þér kleift að búa til uppfærðar skýrslur á milli heimsókna á læknastofu, og kann að gera það óþarft að hlaða upp gögnum tækisins þegar sjúklingur heimsækir læknastofu.

- Meðferðarskýrslur er hægt að búa til úr gögnum tækis sem vistuð eru í skýrslu sjúklingsins. Hægt er að nota skýrslur til að finna svör við því hvernig best sé að mæta þörfum sjúklingsins.

Öryggi

- CareLink™ kerfið er varið með aðgangsorði.
- Tvíþætt sannvottunarferli kann að vera í boði á vissum svæðum. Þetta veitir heilbrigðisupplýsingum sjúklingsins þíns aukna vernd.
- Hugbúnaðurinn notar Transport Layer Security (TLS) sem tryggir örugga tengingu milli tölvunnar þinnar og vefþjónsins. TLS er tæknin sem tók við af Secure Sockets Layer (SSL).

Aðstoð

Hafðu samband við stuðningsfulltrúa Medtronic á þínu svæði til að fá frekari aðstoð með CareLink™ kerfið.

Hvernig nota á þennan leiðarvísi

ATHUGASEMD: Þessi notendahandbók sýnir dæmi um hugbúnaðarskjámyndirnar. Skjámyndirnar í hugbúnaðinum kunna að vera svolítið frábrugðnar þeim.

Skilgeiningar á hugtökum og virkni er að finna í Orðalistanum. Framsetningin sem er notuð í þessari handbók er skilgreind í eftirfarandi töflu:

Hugtak eða stíll	Merking
<i>ATHUGASEMD:</i>	Veitir viðbótarupplýsingar um ferli eða skref.
<i>VARÚÐ:</i>	Tilkynnir þér um mögulega hættu sem getur leitt til minniháttar eða töluverðra skemmda á hugbúnaðarforritinu eða búnaðinum, sé ekki komið í vegar fyrir hana.
<i>VARNAÐARORÐ:</i>	Tilkynna þér um mögulega hættu sem getur leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns, sé ekki komið í veg fyrir hana. Þau geta einnig lýst mögulega alvarlegum aukaverkunum og öryggisáhættum.

Öryggi notanda

Ábendingar fyrir notkun

CareLink™ kerfið er ætlað til notkunar sem verkfæri til að hjálpa við meðferð sykursýki. Tilgangur þessa hugbúnaðar er að taka upplýsingar frá insúlíndælum, blóðsykursmælum og eftirlitskerfum fyrir sívöktun blóðsykurs, og búa til CareLink™ skýrslur. Skýrslurnar veita upplýsingar sem hægt er að nota til að bera kennsl á þróun og fylgjast með daglegum athöfnum, eins og kolvetnum sem neytt er, matartímum, insúlíngjöf og blóðsykursmælingum.

Varnaðarorð

- Ætlast er til að þessi hugbúnaður sé notaður af heilbrigðisstarfsmanni sem hefur reynslu af meðferð sykursýki.
- Niðurstöður úr hugbúnaði eru ekki ætlaðar til að veita læknisfræðilega ráðgjöf og ekki ætti að treysta á þær í slíkum tilgangi.
- Þessa vöru ætti aðeins að nota með studdum tækjum. Þú getur fengið aðgang að lista yfir studd tæki í gegnum CareLink™ kerfið með því að setja bendilinn yfir felliör **spurningarmerkisins** á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu) og velja **FAQ** (algengar spurningar).
- Sjúklingum skal ráðlagt að gera engar breytingar á meðferðinni án þess að ráðfæra sig við lækinn sinn.

Frábendingar

Þessa vöru ætti ekki að nota fyrir meðferð við öðrum kvillum en sykursýki.


Hafist handa

Eftirfarandi upplýsingar leiða þig í gegnum það að ræsa CareLink™ kerfið, bæta við notendum læknastofa, hækka notendur læknastofa, skilja flutning og staðfesta læknastofuskýrslustillingar sem eiga við um alla sjúklinga í hugbúnaðinum.

Áður en þú hefst handa

Allar skýrslustillingar eru forstilltar á sjálfgefnar stillingar. Ef þetta er í fyrsta sinn sem þú notar CareLink™ kerfið eða býrð til skýrslur skaltu fyrst staðfesta Clinic Report Settings (læknastofuskýrslustillingar) (sjá [Staðfesting skýrslustillinga læknastofu á síðu 9](#)). Þessar stillingar ákvarða hvernig ákveðin atriði birtast í hugbúnaðinum og í skýrslum.

Áður en þú vinnur með CareLink™ kerfið ættirðu að kynna þér skjámyndina Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu).



Flutningur hjálpar þér að hefjast handa með því að afrita upplýsingar um sjúklinginn þinn úr fyrri CareLink™ Pro borðtölvuhugbúnaði yfir í þennan nýja CareLink™ hugbúnað á netinu. Frekari upplýsingar um flutning má finna á [Að skilja flutning yfir í CareLink™ kerfið á síðu 9](#).

Aðalverkefni

Í eftirfarandi töflu eru helstu verkefni sem notendur framkvæma þegar þeir setja upp og nota CareLink™ kerfið. Hún sýnir einnig hvar í þessari notendahandbók þú getur fundið upplýsingar um hvert verkefni.

Verkefni	Staðsetning
Stofna reikning fyrir nýja notendur læknastofu.	Notendum læknastofu bætt við á síðu 8
Hækka notendur læknastofu í stjórnendur læknastofu.	Hækkað í hlutverk stjórnanda læknastofu á síðu 8
Staðfesta skýrslustillingar læknastofu.	Staðfesting skýrslustillinga læknastofu á síðu 9
Stofna prófíla fyrir hvern sjúklinga þinna.	Nýjum sjúklingaprófil bætt við á síðu 12
Tengjast CareLink™ Personal hugbúnaðarreikningi sjúklings þíns.	Tenging við CareLink™ Personal hugbúnaðinn á síðu 14
Tengja tæki sjúklings þíns við tölvuna.	Tenging tækja á síðu 17
Hlaða upp gögnum úr dælu og mælum sjúklings þíns.	Nýju tæki bætt við og hlaðið upp á síðu 18 Upphleðsla tækjagagna á síðu 18
Setja upp og búa til skýrslur fyrir sjúklinga þína.	Að stofna skýrslur á síðu 22

VARÚÐ: Ekki skal skrá fleiri en einn læknastofureikning fyrir læknastofu þína. Ef hver notandi læknastofu skráir sinn læknastofureikning verða sjúklingaskýrslur þínar aðgreindar á meðal þessara mismunandi læknastofureikninga og verða ekki aðgengilegar öllum notendum þínum.

Clinic Administrator (stjórnandi læknastofu)

Stjórnandi læknastofu getur viðhaldið læknastofuupplýsingum, bætt við og viðhaldið notendum læknastofu, bætt við og viðhaldið sjúklingaskýrslum, stofnað sjálfgildi fyrir skýrslustillingar sem eru altækar fyrir læknastofuna og breytt sjúklingastillingum og haft umsjón með öryggisreglum læknastofu.

Ráðlegt er að veita **að minnsta kosti tveimur notendum** stjórnendaréttindi, þar sem það geta orðið breytingar á starfsliði læknastofu. Sjáið [Hækkað í hlutverk stjórnanda læknastofu á síðu 8](#) til að fá upplýsingar um hvernig á að veita öðrum notanda stjórnendaréttindi.

Notendum læknastofu bætt við

Hver starfsmaður sem mögulega hleður gögnum upp úr tækjum eða skoðar eða prentar út skýrslur þarf CareLink™ kerfisnotandareikning.

- 1 Fáðu lista yfir nöfn og netföng þeirra starfsmanna sem þurfa CareLink™ kerfisnotandareikninga.
- 2 Settu bendilinn yfir felliör læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 3 Veldu **Clinic Management** (stjórnun læknastofu).
- 4 Veldu hnappinn **New Clinic User Account** (nýr notandareikningur læknastofu).
- 5 Fylltu út reitina í hlutanum fyrir notanda læknastofu.
- 6 Leggðu notandanafnið á minnið svo þú getir afhent notandanum það. Notandinn þarf þessar upplýsingar til að skrá sig inn og velja nýtt aðgangsorð.
Tölvupóstur til að stilla nýtt aðgangsorð verður sendur á það netfang sem gefið er upp.
- 7 Smelltu á **Submit** (senda).
Endurtaktu þetta ferli fyrir hvern notandareikning sem þú þarft að stofna.

Hækkað í hlutverk stjórnanda læknastofu

Þegar breytingar verða á starfsliði læknastofu, gættu þess þá að tveir eða fleiri starfsmenn hafi stjórnendaréttindi. Hægt er að hækka notanda í stjórnanda læknastofu á eftirfarandi hátt:

- 1 Settu bendilinn yfir felliör læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **Clinic Management** (stjórnun læknastofu).
- 3 Finndu þann notanda læknastofu sem þú ætlar að hækka.
- 4 Settu bendilinn yfir lóðréttu punktana þrjá á notandafærslu læknastofunnar.
- 5 Veldu **Promote to Admin** (hækka í stjórnanda).
- 6 Smelltu á **Promote** (hækka).

Að skilja flutning yfir í CareLink™ kerfið

Flutningur gerir þér kleift að færa sjúklingaskýrslur úr CareLink™ Pro borðtölvuhugbúnaðinum í CareLink™ kerfið.

ATHUGASEMD: Valmöguleikinn fyrir flutning er ekki í boði fyrir öll lönd. Hafðu samband við stuðningsfulltrúa Medtronic á þínu svæði til að fá frekari upplýsingar.

ATHUGASEMD: Aðeins CareLink™ kerfisnotandi með stjórnendaréttindi getur flutt sjúklingaskýrslur úr CareLink™ Pro borðtölvuhugbúnaðinum.

- Sjúklingar sem hafa verið fluttir úr CareLink™ Pro borðtölvuhugbúnaðinum eru sýnilegir notanda læknastofu á sjúklingalista CareLink™ kerfisins þegar flutningi er lokið.
- Sjúklinga sem hafa verið fluttir er að finna undir því sjúklingahópsnafni sem var gefið við flutninginn. Smelltu á síuna **Patient Group** (sjúklingahópur) á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu) til að finna sjúklinga innan hóps sem hefur verið fluttur. Sjálfgefin sía er **All Groups** (allir hópar).
- Gögn úr tækjum sem ekki er stuðningur fyrir og flutt eru úr CareLink™ Pro fartölvuhugbúnaðinum eru ekki sýnileg notanda læknastofu í CareLink™ kerfinu.
- Flutningur inniheldur núverandi tækjagögn úr tækjum sjúklinga sem CareLink™ kerfið styður.
- Hægt er að hafa læknastofustillingar CareLink™ Pro borðtölvuhugbúnaðarins með í flutningnum.

Staðfesting skýrslustillinga læknastofu

Skýrslustillingar læknastofu eru settar af stjórnanda læknastofu og eru sjálfgefnar stillingar fyrir hverja nýja sjúklingaskýrslu og notanda læknastofu. Notendur læknastofu geta sérsníðið skýrslustillingar sínar. Sjáðu [Að sérsníða Mínar skýrslustillingar á síðu 27](#) til að fá frekari upplýsingar um hvernig á að sérsníða læknastofustillingar þínar.

- 1 Settu bendilinn yfir felliör læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **Clinic Management** (stjórnun læknastofu).
- 3 Smelltu á **CLINIC REPORT SETTINGS** (SKÝRSLUSTILLINGAR LÆKNASTOFU) til að opna síðuna.
- 4 Gakktu úr skugga um að **Glucose Settings** (blóðsykursstillingar) séu réttar. Ef þú vilt breyta **Glucose Units** (blóðsykurseiningum), smelltu á fellireitinn og veldu þann valkost sem þú vilt. Ef þú vilt breyta **Glucose Target** (blóðsykurstakmarki), smelltu á reitinn sem þú vilt breyta og settu inn nýja tölu.

- 5 Gakktu úr skugga um að **Carbohydrate Settings** (kolvetnastillingar) séu réttar. Ef þú vilt breyta **Carb Units** (kolvetnaeiningum), smelltu á fellireitinn og veldu þann valkost sem þú vilt. Ef þú vilt breyta **Carb Exchange Ratio** (kolvetnisskiptahlutfalli), smelltu á reitinn sem þú vilt breyta og settu inn nýja tölu.
- 6 Gakktu úr skugga um að **Time Format Settings** (tímasniðsstillingar) séu réttar. Ef þú vilt breyta **Time Format Settings** (tímasniðsstillingum), smelltu á fellireitinn og veldu þann valkost sem þú vilt.
- 7 Hafir þú gert einhverjar breytingar, smelltu þá á **UPDATE** (UPPFÆRA).

Skilgreining skýrslustillinga

Almennar skýrslustillingar segja til um hvernig blóðsykurs- og tímaupplýsingar birtast í sjúklingaskýrslum. Sjálfgefnar stillingar eru gefnar fyrir hvert bil blóðsykurstakmarks.

- **Glucose Units** (blóðsykurseiningar): Viðeigandi einingar fyrir skýrslugjöf um magn blóðsykurseininga.
- Bil fyrir **Glucose Target** (blóðsykurstakmark): Það bil takmarks sem notað er í skýrslunum.
 - **Highest Limit** (hæstu mörk): Blóðsykursmæling sem telst vera hæstu mörk blóðsykurshækkunar fyrir þennan sjúkling. Hugbúnaðurinn notar blóðsykursbilið **Highest Limit** (hæstu mörk) í skýrslum til að sýna bilið sem er yfir háa blóðsykursbilinu.
 - **High** (hátt): Blóðsykursmæling sem telst vera efri mörk eðlilegs blóðsykursmagns (takmarks) fyrir þennan sjúkling. Hugbúnaðurinn notar gildið **High** (hátt) í skýrslum til að sýna bilið sem er yfir eðlilegu magni blóðsykurs eða bili blóðsykurstakmarks.
 - **Low** (lágt): Blóðsykursmæling sem telst vera neðri mörk eðlilegs blóðsykursmagns (takmarks) fyrir þennan sjúkling. Hugbúnaðurinn notar gildið **Low** (lágt) í skýrslum til að sýna bilið sem er undir eðlilegu magni blóðsykurs eða bili blóðsykurstakmarks.
 - **Lowest Limit** (lægstu mörk): Blóðsykursmæling sem telst vera lægstu mörk blóðsykurslækkunar fyrir þennan sjúklings. Hugbúnaðurinn notar blóðsykursbilið **Lowest Limit** (lægstu mörk) í skýrslum til að sýna bilið sem er undir lága blóðsykursbilinu.

Umsjón höfð með öryggisreglum læknastofu

Stjórnendur læknastofu geta breytt öryggisreglum læknastofu fyrir notendur og stjórnendur læknastofu sinnar. Setja má mismunandi stillingar á öryggisreglu fyrir alla notendur og stjórnendur læknastofu. Aðeins þegar aðgangsorði er breytt er öryggisreglu framfylgt.

Öryggisráð vinnustöðvar

Öryggi og vernd upplýsinga þinna er tekin mjög alvarlega af Medtronic. Til að hjálpa okkur að tryggja að CareLink™ kerfið okkar starfi rétt og á öruggan hátt, vinsamlegast hafðu í huga þessar bestu venjur og varúðarráðstafanir til að halda tölvukerfinu öruggu og tryggu.

- Gættu þess að PC eða Mac[™] kerfi þitt sé búið nýjustu uppfærslum fyrir stýrikerfi þitt og vefvafra. Medtronic bregst við nýlega uppgötvuðum öryggisvandamálum með uppfærslum.
- Notaðu sterkt aðgangsorð. CareLink[™] kerfið er búið styrkmæli aðgangsorðs til að aðstoða við þetta. Mikilvægustu þættirnir eru lengd og að forðast algengar stafsetningar orða. Sum flettitæki fyrir aðgangsorð eru fær um að búa til mjög öflug aðgangsorð og veita þau hvenær sem um þau er beðið.
- Ekki gefa neinum upp aðgangsorðið þitt. Stuðningsfulltrúi Medtronic á svæðinu mun aldrei biðja um aðgangsorðið þitt. Fáir þú tölvupóst sem biður þig um að gefa upp aðgangsorðið þitt skaltu hafa samband við stuðningsfulltrúa Medtronic á svæðinu tafarlaust og ekki svara umræddum tölvupósti. Þú skalt neita að gefa upp aðgangsorðið þitt og biðja um að fá að tala við yfirmann tafarlaust ef einhver stuðningsfulltrúi Medtronic á svæðinu biður um aðgangsorðið þitt.
- Breyttu strax aðgangsorðinu ef þú telur að aðgangsorði þínu hafi verið stofnað í hættu.
- Breyttu aðgangsorði þínu á þriggja til sex mánaða fresti.
- Hafðu tafarlaust samband við stuðningsfulltrúa Medtronic á svæðinu ef þig grunar að einhver sem þú hefur ekki deilt aðgangsorði þínu með hafi komist inn á reikning þinn.
- Notaðu viðurkenndan öryggishugbúnað á PC eða Mac[™] tölvu þinni sem veitir vernd gegn vírusum, „óværuhugbúnaði“ og öðrum skaðlegum hugbúnaði („spilliforritum“).
- Nýttu þér „eldveggi“ í öryggishugbúnaði þínum sem viðbótarvernd fyrir PC eða Mac[™] tölvu þína.
- Hafðu samband við netþjónustu þína varðandi öryggi á aðgangstaðnum (yfirleitt í mótaldi) og beini. Viðbótarvernd, eins og eldveggir, eru mögulega í boði fyrir þig.
- Gættu að því að mörg vefsvæði og tölvupóstar eru skaðleg og beinlínis búin til í þeim tilgangi að stofna tölvukerfi þínu í hættu. Farðu alltaf varlega þegar þú opnar tölvupóst frá einhverjum sem þú þekkir ekki eða ferð inn á vefsvæði í gegnum tengla í tölvupósti.
- Notaðu öflugustu stillingarnar í PC eða Mac[™] öryggishugbúnaði þínum sem hjálpa þér að verjast óviljandi snertingu við spilliforrit.
- Notaðu stýrikerfi og vafra sem stuðningur er fyrir. Þrátt fyrir að CareLink[™] kerfið leyfi þér að halda áfram með stýrikerfi eða vafra sem ekki er sannvottaður er betra að nota eina af grunnstillingunum sem fullur stuðningur er fyrir.

Umsjón sjúklinga

Hægt er að fara í sjúklingaskýrslu með því að smella á nafn sjúklings úr sjúklingalistanum. Sjúklingaskýrslan hefur að geyma þrjár síður, Reports (skýrslur), Report Settings (skýrslustillingar) og Patient Profile (sjúklingaprófil). Þegar sjúklingaskýrsla er opnuð er Reports (skýrslur) sjálfgefin síða. Sjúklingaprófill er nauðsynlegur áður en hægt er að safna gögnum og nota þau til að stofna meðferðarskýrslur.

Sjúklingaprófillinn gerir þér einnig kleift að setja upp tengingu við CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning sjúklings. Þegar tengingunni hefur verið komið á geturðu sótt upplýsingar um sjúkling sem vistaðar eru í CareLink™ Personal hugbúnaðinum hvenær sem er, án þess að sjúklingurinn þurfi að vera viðstaddur.

Nýjum sjúklingaprófil bætt við

- 1 Á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu) smellirðu á hnappinn **New Patient** (nýr sjúklingur).
- 2 Fylltu út reitina í hlutanum Patient Profile (sjúklingaprófill).

ATHUGASEMD: Þú getur sett inn athugasemdir varðandi meðferðarþarfir sjúklingsins í hlutanum fyrir sjúklingaprófillinn, ef þess gerist þörf.

- 3 Smelltu á **Submit** (senda).

Sjúklingaprófilum breytt

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista), velurðu nafn sjúklingsins sem þú vilt breyta.
- 2 Smelltu á **PATIENT PROFILE** (SJÚKLINGAPRÓFÍLL) til að opna síðuna.
- 3 Breyttu upplýsingunum í **PATIENT PROFILE** (SJÚKLINGAPRÓFÍLL) eftir þörfum.

- 4 Smelltu á **Update** (uppfæra).

Sjúklingar safnvistaðir

Eftir að sjúklingaskýrsla hefur verið safnvistuð sést hún ekki í skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu). Þetta gerir notanda læknastofu kleift að hreinsa sjúklingalistann án þess að eyða gömlum sjúklingum. Til að sjá safnvistaða sjúklings, smellirðu á **SHOW ARCHIVED PATIENTS** (SÝNA SAFNVISTAÐA SJÚKLINGA). Notandi getur safnvistað sjúklingaskýrslu eins og hér segir:

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) velurðu nafn sjúklingsins sem þú vilt safnvista.
- 2 Smelltu á **PATIENT PROFILE** (SJÚKLINGAPRÓFÍLL) til að opna síðuna.
- 3 Smelltu á hnappinn **Archive** (safnvista).
- 4 Staðfestu með því að smella á **Archive** (Safnvista).

Sjúklingar virkjaðir

Eftir að sjúklingaskýrsla hefur verið safnvistuð, sést hún í skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu). Hægt er að endurvirkja allar safnvistaðar sjúklingaskýrslur. Notandi getur virkjað sjúklingaskýrslu eins og hér segir:

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalistanum) smellirðu á síuna **SHOW ARCHIVED PATIENTS** (SÝNA SAFNVISTAÐA SJÚKLINGA).
- 2 Finndu nafn sjúklingsins.
- 3 Undir dálknum **Activate** (virkja) smellirðu á hringhnappinn.
- 4 Staðfestu með því að smella á **Activate** (virkja).

Til að fara aftur í skjámyndina Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu) smellirðu á **SHOW ACTIVE PATIENTS** (SÝNA VIRKA SJÚKLINGA).

Sjúklingar merktir

Merking sjúklinga gerir þér kleift að komast með skjótum hætti í sjúklingalista þinn.

ATHUGASEMD: Ef þú merkir sjúklingaskýrslu verður sú skýrsla ekki merkt fyrir aðra notendur læknastofu.

- 1 Finndu nafn sjúklingsins í **Patient List** (sjúklingalista).
- 2 Smelltu á flaggið við hliðina á eftirnafni sjúklingsins.

Til að sjá merкта sjúklinga smellirðu á flipann **FLAGGED PATIENTS** (MERKTIR SJÚKLINGAR) í skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu).

Sjúklingar afmerktir

- 1 Finndu nafn sjúklingsins í **Patient List** (sjúklingalista).
- 2 Smelltu á rauða flaggið við hliðina á eftirnafni sjúklingsins.

Tenging við CareLink™ Personal hugbúnaðinn

Þegar sjúklingurinn er viðstaddur geturðu sett upp tengingu við CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning hans. Eftir að þú hefur sett upp tengingu við CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning sjúklingsins uppfærast gögnin í CareLink™ kerfinu sjálfkrafa þegar sjúklingurinn hleður upp tækjagögnum í CareLink™ Personal hugbúnaðinn. Þetta er gagnlegt við gerð á skýrslum í CareLink™ kerfinu á milli stofuheimsókna og gerir óþarft að hlaða upp í tæki sjúklingsins á stofunni. Ef sjúklingur þinn er ekki með CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning getur þú sent honum boð með tölvupósti um að stofna einn slíkan.

Tenging við núverandi reikning

Sjúklingurinn verður að vera viðstaddur til að hægt sé að ljúka eftirfarandi skrefum.

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) velurðu nafn sjúklingsins sem þú vilt tengjast.
- 2 Smelltu á **PATIENT PROFILE** (SJÚKLINGAPRÓFÍLL) til að opna síðuna.
- 3 Smelltu á hnappinn **Link to Personal** (tengjast Personal).

Skjámyndin Link CareLink Personal to patient record (tengja CareLink Personal við sjúklingaskýrslu) birtist.

- 4 Láttu sjúklinginn gera eftirfarandi:
 - a. Slá inn notandanafn og aðgangsorð sitt.
 - b. Smella á **Link** (tengjast).

Sjúklingurinn fær upp Terms of Use (notkunarskilmálar).

- 5 Smella á **Accept** (samþykkja) til að samþykkja skilmálana.

Boð með tölvupósti sent

Til að senda tölvupóst sem býður sjúklingi að stofna CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning fylgirðu þessum skrefum:

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) velurðu nafn sjúklingsins sem þú vilt senda tölvupóst.
- 2 Smelltu á **PATIENT PROFILE** (SJÚKLINGAPRÓFÍLL) til að opna síðuna.
- 3 Smelltu á hnappinn **Invite to Personal** (bjóða í Personal).
- 4 Sláðu inn netfang sjúklingsins.
- 5 Smelltu á **Send** (senda).

Tenging við núverandi reikning fjarlægð

Þú getur fjarlægt tengingu við CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning sjúklings úr CareLink™ kerfinu eftir að hann hefur verið tengdur. Það kemur í veg fyrir að CareLink™ kerfið haldi áfram að sækja gögn af CareLink™ Personal hugbúnaðarreikningi sjúklingsins. Það hefur ekki áhrif á persónulega notkun sjúklingsins á CareLink™ Personal hugbúnaðarreikningi hans.

ATHUGASEMD: Eftir að tenging við CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning sjúklings hefur verið fjarlægð eru öll söguleg gögn enn aðgengileg læknastofunni.

VARÚÐ: Þegar sjúklingaskýrsla hefur verið tengd við CareLink™ Personal hugbúnaðarreikning, er ekki hægt að tengjast neinum öðrum CareLink™ Personal hugbúnaðarreikningi, jafnvel eftir að hann hefur verið aftengdur.

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) velurðu nafn sjúklingsins sem þú vilt fjarlægja tengingu við.
- 2 Smelltu á **PATIENT PROFILE** (SJÚKLINGAPRÓFÍLL) til að opna síðuna.
- 3 Smelltu á hnappinn **Unlink from Personal** (fjarlægja tengingu við Personal).

Upphleðsla tækja

Upplýsingar sem þú þarft að hlaða upp í tæki sjúklings, eins og framleiðandi, gerð og raðnúmer, eru geymdar í upphleðsluforritinu eftir að þú hefur fyrst gefið þær upp.

Uppsetning upphleðsluforrits

Það verður að setja upp upphleðsluforritið svo að CareLink™ kerfið geti bætt við tækjum og hlaðið upp upplýsingum um sjúklinga. Í fyrsta sinn sem þú smellir á upphleðsluhnappinn færðu upplýsingar um hvernig á að sækja og setja upp upphleðsluforritið.

Vinsamlegast gættu að eftirfarandi áður en þú byrjar:

- Sum stýrikerfi krefjast þess mögulega að þú hafir stjórnendaréttindi á tölvurnar á skrifstofunni til að þú getir lokið við þetta verk. Biddu notanda með stjórnendaréttindi, eins og netstjóra þinn, að skrá sig inn í hverja tölvu til að uppsetning á nauðsynlegum hugbúnaðarhlutum sé möguleg.
- Þetta þarf að gera fyrir hverja tölvu sem er mögulega notuð til að hlaða upp gögnum í CareLink™ kerfið.

Uppsetning vélbúnaðar


Til að hlaða gögnum upp beint úr tæki, verður þú að hafa tæki sjúklingsins og allar snúrur eða samskiptabúnað sem nauðsynlegur er til að flytja gögn í tölvuna þína.

Tenging tækja

Teikningarnar sem fylgja sýna uppsetningu samskipta milli mismunandi tækja. Skoðu myndirnar til að sjá hvernig á að tengja tæki þannig að þau hafi samskipti við tölvu þína.

Dæmi um tengingu fyrir tæki með USB tengi:

Eftirfarandi dæmi sýnir CareLink™ USB sem er notað sem samskiptatæki milli dællunnar og tölvunnar.



Dæmi um raðtengingar og tengingar með USB snúru:



Nýju tæki bætt við og hlaðið upp

Fylgdu þessum skrefum til að bæta við og hlaða upp úr tæki sjúklings.

ATHUGASEMD: Í fyrsta sinn sem þú hleður upp nýju tæki verður tækinu bætt við tækjalista sjúklingsins þannig að þú getir með skjótum hætti valið það og hlaðið því upp í framtíðinni. Sjáðu Upphleðsla tækjagagna á síðu 18, fyrir upphleðslur í framtíðinni á tækjum á tækjalista sjúklings.

Medtronic dælu hlaðið upp

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) finnurðu nafn sjúklingsins.
- 2 Undir dálknum **Upload** (upphleðsla) smellirðu á hringhnappinn til að ræsa upphleðsluforritið. Hnappurinn **Upload Device** (hlaða upp tæki) er einnig tiltækur í hverri sjúklingaskýrslu og ræsir upphleðsluforritið.

Ef upphleðsluforritið birtist ekki seturðu bendilinn yfir felliör spurningarmerkisins á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu og velur **FAQ** (algengar spurningar) til að fá upplýsingar um úrræðaleit.
- 3 Veldu rétta gerð dælu.
- 4 Fylgdu leiðbeiningunum um upphleðsluforritið.

Mæli hlaðið upp

- 1 Finndu nafn sjúklingsins í **Patient List** (sjúklingalista).
- 2 Undir dálknum **Upload** (upphleðsla) smellirðu á hringhnappinn til að ræsa upphleðsluforritið. Hnappurinn **Upload Device** (hlaða upp tæki) er einnig tiltækur í hverri sjúklingaskýrslu og ræsir upphleðsluforritið.

Ef upphleðsluforritið birtist ekki seturðu bendilinn yfir felliör spurningarmerkisins á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu og velur **FAQ** (algengar spurningar) til að fá upplýsingar um úrræðaleit.
- 3 Veldu rétta gerð tækis.
- 4 Veldu rétta tegund mælis og veldu svo rétta gerð.
- 5 Fylgdu leiðbeiningunum um upphleðsluforritið.

Upphleðsla tækjagagna

Ein leið til að fá tækjagögn er að tengjast núverandi CareLink™ Personal hugbúnaðarreikningi sjúklingsins. (Sjá *Tenging við CareLink™ Personal hugbúnaðinn á síðu 14.*) Önnur leið er að hlaða þeim upp beint úr tæki hans, eins og lýst er hér.

ATHUGASEMD: Sjáðu hluta Nýju tæki bætt við og hlaðið upp á síðu 18, til að hlaða gögnum úr nýju tæki.

Hægt er að hlaða gögnum úr tæki sjúklings með upphleðsluforritinu ef það er í samskiptum við tölvuna. Hægt er að fara í listann yfir studd tæki í gegnum CareLink™ kerfið með því að setja bendilinn yfir felliör **spurningarmerkisins** á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu) og velja **FAQ** (algengar spurningar). Eftir að þú færð gögnin getur þú notað þau til að búa til skýrslur sem hjálpa þér að meta meðferð sjúklingsins.

VARNADARORÐ: Vinsamlegast afturkallaðu eða ljúktu við alla skammtíma grunnskammta eða virka hleðsluskammta og hreinsaðu út öll virk neyðarboð. Mögulega er hægt að stöðva dæluna meðan á upphleðslu stendur, en það fer eftir gerð dælnnar. Þegar upphleðslu er lokið skaltu staðfesta að dælan hafi haldið áfram gjöf ef hún var stöðvuð. Ef, af einhverjum ástæðum, dælan heldur ekki áfram gjöf efir upphleðslu, mun dælan gefa frá sér píphljóð eða titra á 15 mínútna fresti til að minna þig á að hún er ekki að gefa insúlín.

VARÚÐ: Ef lítil hleðsla er á dælurafhlöðunni sendir dælan ekki gögn í tölvuna. Skiptu um rafhlöðuna ef staðan gefur til kynna að rafhlöðuafli sé lágt.

Ef upphleðsluforritið getur ekki tekið á móti gögnum frá tækinu, sjáðu *Úrræðaleit á síðu 30*.

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) finnurðu nafn sjúklingsins.
- 2 Undir dálknum **Upload** (upphleðsla) smellirðu á hringhnappinn til að ræsa upphleðsluforritið. Hnappurinn **Upload Device** (hlaða upp tæki) er einnig tiltækur í hverri sjúklingaskýrslu og ræsir upphleðsluforritið.
- 3 Veldu tækið sem þú vilt hlaða gögnum upp úr á tækjalistanum.
- 4 Fylgdu leiðbeiningunum um upphleðsluforritið.

Tæki fjarlægt


Þú getur fjarlægt tæki úr upphleðsluforritinu.

ATHUGASEMD: Ef þú fjarlægir tæki af tækjalista sjúklingsins eru öll fyrri upphlaðin gögn fyrir það tæki áfram aðgengileg í sjúklingaskýrslunni.

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) finnurðu nafn sjúklingsins.
- 2 Undir dálknum **Upload** (upphleðsla) smellirðu á hringhnappinn til að ræsa upphleðsluforritið. Hnappurinn **Upload Device** (hlaða upp tæki) er einnig tiltækur í hverri sjúklingaskýrslu og ræsir upphleðsluforritið.
- 3 Finndu tækið sem á að fjarlægja úr tækjum sjúklings sem birtast á skjánum.
- 4 Smelltu á **Remove device** (fjarlægja tæki).

Skýrslur

CareLink™ kerfið býður upp á margs konar skýrslur sem hjálpa þér að hafa betri stjórn á sykursýkismeðferð sjúklinga þinna.



Hægt er að kalla fram skýrslur á skjánum, skoða þær, prenta út og vista sem PDF. Þú getur kallað fram margs konar skýrslutegundir á sama tíma.

Gögnin sem birtast í þessum skýrslum eru fengin úr tækjum sjúklingsins, af CareLink™ Personal hugbúnaðarreikningi eða báðum.

ATHUGASEMD: *Upplýsingar um skýrsluatriðin, sem og skýrslusýnishorn, er að finna í skýrsluleiðarvísunum (Report Reference Guide). Þú kemst í skýrsluleiðarvísinn í gegnum CareLink™ kerfið. Settu bendilinn yfir fellior spurningarmerkisins á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu) > smelltu á Help (hjálp) og veldu Report Reference Guide (skýrsluleiðarvísir) (PDF).*

ATHUGASEMD: *Skýrsluleiðarvísinn sýnir skýrslusýnishorn, en hlutar í þeim sýna ekki blóðsykurseiningar þar sem staðallinn fyrir mælingar á blóðsykurseiningum er mismunandi eftir löndum. Af því leiðir að skalinn og talnamengið sem eru í skýrslusýnishornunum geta verið frábrugðin þeim skala og mengi sem eru í þínum skýrslum. Einnig geta skýrslurnar litið aðeins öðruvísi út eftir því hvaða tæki er notað, og ekki eru allar skýrslur samhæfðar öllum tækjum. Hægt er að fara í listann yfir studd tæki í gegnum CareLink™ kerfið með því að setja bendilinn yfir fellior spurningarmerkisins á skjámyndinni Clinic Dashboard (stjórnborð læknastofu) og velja FAQ (algengar spurningar).*

Áður en þú hefst handa

Gakktu úr skugga um að þú sért að hlaða nýjustu gögnunum upp úr tæki sjúklingsins.

Vertu viss um að skoða *Staðfesting skýrslustillinga sjúklings* skrefið áður en þú kallar fram skýrslu. Þar geturðu fínstíllt skýrslu svo þú náir þeim gögnum sjúklings sem þú vilt.

Staðfesting skýrslustillinga sjúklings

- 1 Í sjúklingaskýrslunni, smellirðu á **REPORT SETTINGS** (SKÝRSLUSTILLINGAR) til að opna síðuna.
- 2 Smelltu á flipann **Meals** (máltíðir) til að staðfesta hverja máltíðarstillingu.

ATHUGASEMD: *Veldu valkostinn Per meal (á hverja máltíð) til að staðfesta stillingar fyrir hverja máltíð. Veldu valkostinn All meals (allar máltíðir) til að staðfesta stillingarnar fyrir allar máltíðir sjúklingsins.*

- 3 Gakktu úr skugga um að máltíðarstillingar séu réttar. Settu inn þessi gildi eða smelltu á fellireitina til að hækka eða lækka gildin. Stillingarnar fyrir takmark blóðsykurs sem þú velur munu gilda um þær skýrslur sem þú býrð til. Skýrslurnar munu ekki sýna takmarksbil sem stíllt eru á dælu eða CareLink™ Personal hugbúnaðinum.
 - **Time Period** (tímabil): matartímar.
 - **Pre-Meal BG Target** (blóðsykurstakmark fyrir máltíð): lág- og hámark takmarksbils blóðsykurs sjúklings fyrir máltíð.

- **Pre-Meal Analysis Period** (greiningartímabil fyrir máltíð): það tímabil sem blóðsykur er metinn áður en máltíð hefst. Upphleðslur fyrir nemablóðsykur sem eiga sér stað á þessum tíma eru notaðar í ítarlega skýrslugreiningu.
- **Post-Meal BG Target** (blóðsykurstakmark eftir máltíð): lág- og hámarksbil blóðsykurs sjúklings eftir máltíð.
- **Post-Meal Analysis Period** (greiningartímabil eftir máltíð): það tímabil sem blóðsykur er metinn eftir máltíð. Upphleðslur fyrir nemablóðsykur sem eiga sér stað á þessum tíma eru notaðar í ítarlega skýrslugreiningu.

ATHUGASEMD: Tímabil máltíða mega ekki skarast en upphafs- og endalínur mega nema hvor við aðra. Tímabil máltíða verða að vera a.m.k. 60 mínútna löng.

- 4 Gakktu úr skugga um að stillingar greiningartímabils séu réttar. Hægt er að stilla upphafs- og endatíma á tímalengd greiningartímabilanna.
- 5 Gættu þess að velja rétt upprunagögn með því að smella á flipann **Data Source Preferences** (gagnaupprunastillingar). Mismunandi skýrslur eru kallaðar fram eftir gögnum frá insúlíndælu eða Guardian™ Connect kerfisgögnum. Þegar hakað er við stillinguna **Prefer pump data over Guardian data when both are present** (taka dælugögn fram yfir Guardian gögn þegar bæði eru til staðar) eru skýrslur sem byggja á insúlíndælum og hafa að geyma insúlínupplýsingar um grunnskammt og hleðsluskammt kallaðar fram. Þegar ekki er hakað við þessa stillingu eru skýrslur sem studdar eru af Guardian™ Connect kerfinu kallaðar fram.

Smelltu á bóluna við hliðina á **In the Pump** (í dælunni) eða **In the Link Meter(s)** (í tenglamæli/mælum). Þú hefur einnig möguleika á að hafa færslur fyrir handvirkan blóðsykur með í skýrslunum. Til að hafa þær með hakaðu í reitinn **Include Manual BG Entries** (hafa færslur fyrir handvirkan blóðsykur með).

- *In the pump:* (Í dælunni): Kosturinn við þetta val er að þú þarft aðeins að hlaða upp gögnum úr dælu sjúklingsins. Blóðsykursupphleðslur eru tímamerktar af dælunni og tengdar beint við alla útreikninga í Bolus Wizard™ sem notaðir eru. Ókosturinn er að ef það eru samskiptaörðugleikar milli dælnnar og tengds mælis eru blóðsykursupphleðslur sem eiga sér stað á þeim tíma mögulega ekki skráðar.
- *In the link meter(s)* (í tenglamæli/mælum): Kosturinn við þetta val er að allar upphleðslur sem vistaðar eru í tengda mælinum eru skráðar. Ókosturinn er að til að tryggja samsvörun milli mælis- og dælugagna verður þú að gæta þess að klukkur dælnnar og mælisins hafi verið samstilltar hvor við aðra. Þú verður einnig að hlaða upp gögnum úr dælunni og tengdum mæli hvorum í sínu lagi.

- 6 Eftir að þú hefur lokið við að breyta matartíma, smelltu þá á **UPDATE** (UPPFÆRA).

Að stofna skýrslur

Eftirfarandi hlutar hjálpa þér að skilja betur ferlið sem notað er til að stofna og búa til skýrslurnar.

- 1 Í **Patient List** (sjúklingalista) velurðu nafn sjúklingsins.

Síðan **REPORTS** (SKÝRSLUR) birtist.

Val á skýrslutímabili


- 1 Síðustu 14 dagar tiltækra gagna eru sjálfkrafa valdir og birtir. Til að breyta um skýrslutímabilið sem er birt í skýrslu, smellirðu á táknið **calendar** (dagatal) og velur eða slærð inn þann dagafjölda sem þú vilt að birtist í skýrslunni. (Tímalengd getur ekki verið meiri en 90 dagar).

ATHUGASEMD: Ef þú hefur hlaðið upp tækjagögnum og sérð ekki síðustu tiltæku tækjagögn sjúklingsins, smellirðu á hnappinn Refresh (uppfæra). Ef þú sérð ekki enn síðustu tiltæku tækjagögn, prófaðu þá að hlaða upp tækjagögnunum aftur og smella á hnappinn Refresh (uppfæra).

- 2 Smelltu á **Apply** (virkja).

Gagnadagatal

Gagnadagatalið sýnir sjálfkrafa 30 daga glugga skýrsluupplýsinga. Þegar notandi læknastofu velur skýrslutímabil sem er lengra en 21 dagur birtast 90 daga gögn í skoðunarglugganum.



Appelsínugulu súlurnar sýna að dælugögn eru til staðar. Grænu súlurnar sýna að nemagögn eru til staðar. Fjólubláu súlurnar sýna að mælisgögn eru til staðar. Gagnsæi blái réttthyrningurinn sem nær yfir lituðu súlurnar sýnir það skýrslutímabil sem þú valdir.

Svæðið fyrir gagnadagatalið birtir í byrjun gögn síðustu 30 daga. Til að sjá aðra mánuði smellirðu á örvahnappana við upphaf eða endi hvors mánaðar. Til að sjá hvort það eru gögn til fyrir daginn í dag, smellirðu á **Today** (í dag).

Leitað eftir tækjagögnum

- 1 Skoðaðu gagnadagatalið til að sjá hvort gagnsær blár réttthyrningur sem sýnir skýrslutímabilið skarast við appelsínugulu, grænu og fjólubláu súlurnar sem sýna tækjagögn.
- 2 Ef súlurnar skarast ekki eða það er ekki nægileg skörun hefurðu nokkra valkosti:

- breyta skýrslutímabilinu
- fá fleiri tækjagögn

Að kalla fram skýrslur

Þú getur hakað og afhakað við eina skýrslu eða margar skýrslur. Þú sérð upplýsingatexta fyrir hverja skýrslu með því að setja bendilinn yfir upplýsingatáknið efst til hægri í hverri skýrslu.

- 1 Í flípanum **SUMMARY REPORTS** (SAMANTEKTARSKÝRSLUR) velurðu þær skýrslur sem þú vilt kalla fram.

Skýrslurnar sem þú valdir eru með gátmerki og eru ljómaðar.

Notandi læknastofu hefur möguleikann á að smella á **Select My Favorites** (velja mín eftirlæti). Skýrslurnar sem notandinn hefur valið sem sín eftirlæti eru sjálfkrafa með gátmerki og verða ljómaðar.

ATHUGASEMD: Ef þú hefur ekki valið eftirlætisskýrslur þínar enn, birtast skilaboð í fyrsta skipti sem þú smellir á **Select My Favorites (velja mín eftirlæti) þar sem er tengill svo þú getir stillt eftirlætisskýrslur þínar. Smelltu á **My Report Settings** (mínar skýrslustillingar). Til að fá frekari upplýsingar um hvernig á að velja eftirlætisskýrslur þínar, sjáðu Val á eftirlætisskýrslum á síðu 25.**

- 2 Eftir að þú staðfestir skýrsluval þitt, smellirðu á **Generate Reports** (kalla fram skýrslur).

Að kalla fram mats- og framvinduskýrslur

Ef þú velur skýrslu fyrir **Assessment and Progress** (mat og framvindu) er valkosturinn **PROGRESS FROM** (FRAMVINDA FRÁ) við hliðina á tímalengd **REPORTING PERIOD** (SKÝRSLUTÍMABIL) til að gera þér kleift að bera saman gögn milli tveggja mismunandi tímabila. 3 mánuðir aftur í tímann eru sjálfkrafa valdir.

- 1 Smelltu á skýrsluna **Assessment and Progress** (mat og framvinda).
- 2 Gakktu úr skugga um að **Progress Comparison Range** (samanburðartímabil framvindu) sé rétt. Til að breyta **Progress Comparison Range** (samaburðarbili framvindu) smellirðu á fellireitinn **PROGRESS FROM** (FRAMVINDA FRÁ) > velur æskilegt tímabil og smellir á **Apply** (virkja).

ATHUGASEMD: Ef gögn eru ekki tiltæk fyrir þann tíma sem valinn er verður gagnabilið B autt. Tímalengd gagnabils B er sú sama og tímalengd gagnabils B og engar dagsetningar mega skarast.

- 3 Smelltu á **Generate Reports** (kalla fram skýrslur).

Val á daglegum skýrslum

Þú getur valið þann tiltekna dagafjölda sem þú vilt kalla fram daglegar skýrslur fyrir á grundvelli þess gagnabils skýrslutímabilsins sem þú hefur valið. Hægt er að velja allt að 14 daga úr völdu skýrsludagsetningabili fyrir daglegar skýrslur.

- 1 Á síðunni **REPORTS** (SKÝRSLUR) smellirðu á flipann **DAILY REPORTS** (DAGLEGAR SKÝRSLUR).
Dagaval sýnir daginn í dag.
- 2 Veldu þá daga sem þú vilt skýrslur fyrir eða veldu **Max** (hámark) eða **Last 7 days** (síðustu 7 dagar).

ATHUGASEMD: Ef þú velur Max (hámark) gerir það þér kleift að velja að hámarki síðustu 14 daga af völdu skýrslubili. Ef það eru einhverjir dagar sem hafa engin tiltæk tækjagögn í skýrslubili geta valdir dagar verið færri en 14. Ef valdir eru Síðustu 7 dagar gerir það þér kleift að velja þá síðustu 7 daga sem hafa tiltæk tækjagögn úr völdu skýrslubili.

- 3 Smelltu á **Generate Reports** (kalla fram skýrslur).

Val á eftirlætisskýrslum

Eftir að eftirlætisskýrslur hafa verið valdar getur notandi læknastofu smellt á **Select My Favorites** (velja mín eftirlæti) þegar hann kallar fram skýrslur. Notandi læknastofu getur valið sínar eftirlætisskýrslur sem hér segir:

- 1 Settu bendilinn yfir fellior læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **My Profile** (minn prófíll).
- 3 Smelltu á flipann **MY REPORT SETTINGS** (MÍNAR SKÝRSLUSTILLINGAR).
- 4 Hakaðu í reitina undir **My Favorite Reports** (mínar eftirlætisskýrslur).
- 5 Smelltu á **UPDATE** (UPPFÆRA).

Útflutningur gagna

Hægt er að flytja út tækjagögn sem eru fengin og geymd af CareLink™ kerfinu. Þetta færir þér tækjagögn sjúklings sem þú getur notað í tölfraedi eða við gerð á sérhæfðum skýrslum eða gröfum. Hægt er að flytja .csv-skrána í Microsoft™ Excel™ eða ákveðin klínísk tölfraeðiforrit þar sem þú getur unnið enn frekar með gögnin.

.csv-skráin hefur að geyma gögn sem skrá aðgerðir tækisins. Til dæmis útlistar hún skráningar á mælisupphleðslum, þegar dælan tekur á móti upphleðslugildum frá mælinum og breytingar á grunnskammtstíðni.

ATHUGASEMD: Þetta er eiginleiki fyrir lengra komna og krefst þess að þú þekkir hrágögn tækisins. Þetta krefst einnig þekkingar á þeim hugbúnaði sem þú flytur .csv-skrána í.

Fylgdu þessum skrefum til að nota útflutningsvirknina.

- 1** Í **Patient List** (sjúklíngalista) velurðu nafn sjúklíngsins.
Síðan **REPORTS** (SKÝRSLUR) birtist.
- 2** Notaðu **Data Calendar** (gagnadagatal) til að stilla dagsetningar og lengd skýrslunnar.
Sú hámarkslengd sem þú getur valið er 90 dagar.
- 3** Smelltu á **Data Export (CSV)** (gagnaútflutningur).

Stjórnun læknastofureiknings

Notandi læknastofu getur sérsníðið sínar eigin skýrslustillingar, en aðeins notendur með stjórnendaréttindi geta bætt við, breytt og eytt notendareikningum CareLink™ kerfisins. Gættu þess ávallt að fleiri en einn einstaklingur hafi stjórnendaréttindi.

Að sérsníða Mínar skýrslustillingar

Notandi læknastofu hefur möguleikann á að sérsníða skýrslustillingar sínar eða nota sjálfgefna skýrslustillingar læknastofunnar. Ef skýrslustillingar eru sérsníðnar hefur það áhrif á allar sjúlingaskýrslur, en það hefur ekki áhrif á skýrslur sem aðrir notendur læknastofunnar búa til fyrir sjúklinga.

ATHUGASEMD: Framkallaðar sjúkingaskýrslur notast annaðhvort við skýrslustillingar læknastofu eða sérsníðnar mínar skýrslustillingar, allt eftir hvorn valkostinn þú hefur valið.

- 1 Settu bendilinn yfir felliör læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **My Profile** (minn prófíll).
- 3 Smelltu á flipann **MY REPORT SETTINGS** (MÍNAR SKÝRSLUSTILLINGAR).
- 4 Í **MY REPORT SETTINGS** (MÍNAR SKÝRSLUSTILLINGAR) stillirðu **Glucose Settings** (blóðsykursstillingar) og **Carbohydrate Settings** (kolvetnastillingar).
Þú getur einnig stillt eftirlætisskýrslur þínar. Þessar skýrslur eru sjálfkrafa valdar þegar þú smellir á **Select My Favorites** (velja mín eftirlæti) á síðunni Reports (skýrslur).
- 5 Þegar þú ert búin(n) smellirðu á **UPDATE** (uppfæra).

Hlutverk stjórnanda fjarlægt

Eftir að hlutverk stjórnanda hefur verið fjarlægt getur notandi læknastofunnar ekki lengur framkvæmt verk stjórnanda læknastofu. Stjórnandi læknastofu getur fjarlægt hlutverk stjórnanda eins og hér segir:

- 1 Settu bendilinn yfir fellior læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **Clinic Management** (stjórnun læknastofu).
- 3 Finndu þann notanda læknastofu sem þú ætlar að fjarlægja.
- 4 Settu bendilinn yfir lóðréttu punktana þrjá á notandafærslu læknastofunnar.
- 5 Veldu **Remove Admin Privileges** (fjarlægja stjórnendaréttindi).
- 6 Smelltu á **Remove Privileges** (fjarlægja réttindi).

Ógilding notenda læknastofu

Eftir að notandareikningur læknastofu hefur verið ógiltur getur notandinn ekki lengur skráð sig inn með innskráningarupplýsingum sínum. Stjórnandi læknastofu getur gert notanda óvirkan eins og hér segir:

- 1 Settu bendilinn yfir fellior læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **Clinic Management** (stjórnun læknastofu).
- 3 Finndu þann notanda læknastofu sem þú vilt gera óvirkan.
- 4 Settu bendilinn yfir lóðréttu punktana þrjá á notandafærslu læknastofunnar.
- 5 Veldu **Inactivate User** (gera notanda óvirkan).
- 6 Smelltu á **Suspend** (ógilda).

Virkjun notenda læknastofu

Eftir að notandareikningur læknastofu hefur verið virkjaður getur notandinn skráð sig inn með innskráningarupplýsingum sínum. Stjórnandi læknastofu getur virkjað notanda eins og hér segir:

- 1 Settu bendilinn yfir fellior læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **Clinic Management** (stjórnun læknastofu).
- 3 Smelltu á **SUSPENDED ACCOUNTS** (ÓGILDIR REIKNINGAR).
- 4 Finndu notanda læknastofu sem þú vilt virkja.
- 5 Settu bendilinn yfir lóðréttu punktana þrjá á notandafærslu læknastofunnar.
- 6 Velja **Activate User** (virkja notanda).
- 7 Smelltu á **Activate** (virkja).

Aflæsing notenda læknastofu

Eftir aflæsingunotandareiknings læknastofu getur notandinn skráð sig inn á reikning sinn. Stjórnandi læknastofu getur aflæst notandareikning læknastofu með því að fara í stjórnunarsíðu læknastofu og setja bendilinn yfir lóðréttu punktana þrjá á notandafærslu læknastofunnar.

Tvíþætt sannvottun

Tvíþætt sannvottunarferli kann að vera í boði á vissum svæðum. Þetta veitir heilbrigðisupplýsingum sjúklingsins þíns aukna vernd. Þessi öryggiseiginleiki kemur í veg fyrir að aðrir komist inn á eða geti notað þinn reikning.

CareLink™ kerfið gefur stjórnendum læknastofa möguleika á að beita tvíþættri sannvottunarstillingu fyrir notendur læknastofa. Hægt er að breyta fyrningartíma sannvottunar og fyrningarstillingum staðfestingarkóða, allt eftir öryggisþörfum læknastofunnar, og það mun gilda fyrir alla notendur læknastofunnar.

Stjórnendur læknastofa geta uppfært þessar stillingar með því að gera eftirfarandi:

- 1 Settu bendilinn yfir felliör læknastofunnar efst uppi til hægri.
- 2 Veldu **Security** (öryggi).
- 3 Smelltu á flipann **Authentication** (sannvottun).
- 4 Uppfærðu stillingagildi eftir þörfum.
- 5 Smelltu á **Update** (uppfæra).

Svo hægt sé að ljúka tvíþætta sannvottunarferlinu verður þú að hafa gilt netfang, ásamt notandanafni þínu og aðgangsorði. Þegar kvaðning kemur upp um slíkt skaltu slá inn sannvottunarkóðann sem sendur var á netfangið, til að komast inn á reikning þinn.

ATHUGASEMD: Netfangið sem tengist CareLink™ kerfisreikningi þínum verður notað fyrir tvíþætta sannvottunarferlið. Farðu í My Profile (minn prófíll) til að breyta netfanginu þínu.

Úrræðaleit

Þessi kafli hefur að geyma upplýsingar um úrræðaleit fyrir CareLink™ kerfið. Vinsamlegast sjáðu þessar leiðbeiningar áður en þú hefur samband við stuðningsfulltrúa Medtronic á svæðinu.

Villur við stofnun skýrslu

Margar gagnafærslur fyrir sömu dagsetninguna





Ef þér tókst ekki að kalla fram skýrslu vegna ósamrýmanlegra gagna, reyndu fyrst að velja annað skýrslubil.

Hugbúnaður tekur ekki tillit til gagna

Ef tíma tækis hefur verið breytt og við það myndast skörun eða eyður í gögnum sem eru þrjár klukkustundir eða lengri, tekur hugbúnaðurinn þann hluta gagnanna ekki með þegar skýrslur eru búnar til.

Táknmyndatafla

Eftirfarandi tákn og táknmyndir birtast mögulega í hugbúnaðinum. Til að fá skilgreiningar, ferðu á <http://www.medtronicdiabetes.com/symbol-definitions>.

Lýsing	Táknmynd
Framleiðandi	
Vörulista- eða tegundarnúmer	
Evrópusamræmi. Þetta tákn þýðir að tækið uppfyllir MDD/93/42/EBE.	
Viðurkenndur fulltrúi í Evrópubandalaginu	

CSV-gögn

Þegar þú flytur gögn út úr CareLink™ kerfinu eru þau flutt í .csv-skrá. Þessa skrá má svo flytja inn í töflureiknaforrit, eins og Microsoft™ Excel™. Sjáðu dálkaskilgreiningar CSV-skráarinnar til að fá tæmandi upptalningu á gögnum sem finna má í CSV-skrá.

CSV-skráin hefur að geyma nafn og auðkenni sjúklingsins, ásamt skýrslutímabilinu. Hún tilgreinir einnig hvert tæki sem finna má í skýrslunni.

Dálkagagnaskilgreiningar

Dálkafyrirsögn	Skilgreining
Index (röðunarskrá)	Sú röð sem gögn voru skráð eftir í tækinu.
Date (dagsetning)	Sá dagur sem gögn voru skráð í tækinu.
Time (tími)	Sá tími sem gögn voru skráð í tækinu.
New Device Time (nýr tækjatími)	Ný dagsetning og tími ef þessu var breytt í tækinu.
BG Reading (blóðsykursmæling)	Blóðsykursmælingin sem skráð var af mælinum, Guardian™ Connect kerfinu eða dælnni. Ef gögnin eru úr dælu eða Guardian™ Connect kerfi sýnir þessi dálkur handvirkan blóðsykur og blóðsykur sem fengnir voru úr tengdum mæli.
Linked BG Meter ID (auðkenni tengds blóðsykursmælis)	Raðnúmerið fyrir mælinn sem sendi blóðsykursmælingu í tækið.
Basal Rate (U/h) (grunnskammtstíðni (ein./klst.))	Tíðni insúlínjafar grunnskammts í einingum á klukkustund.
Temp Basal Amount (magn skammtíma grunnskammts)	Ef tímabundinn grunnskammtur var virkjaður í dælnni er þetta gildi magn tímabundins grunnskammts.
Temp Basal Type (tegund skammtíma grunnskammts)	Tegund breytingar á tímabundnum grunnskammti (insúlíntíðni eða hlutfall grunnskammts).
Temp Basal Duration (m) (tímalengd tímabundins grunnskammts (m))	Tímalengd í mínútum fyrir insúlínjög tímabundins grunnskammts (sjá tegund að ofan).

Dálkafyrirsögn	Skilgreining
Bolus Type (tegund hleðsluskammts)	Tegund insúlíngjafar grunnskammts [Normal, Square, Dual (venjulegur hluti), eða Dual (Square hluti)].
Bolus Volume Selected (U) (valið magn hleðsluskammts (ein.))	Sá fjöldi insúlíneininga sem valinn hefur verið í insúlíngjöf hleðsluskammts.
Bolus Volume Delivered (U) (gefið magn hleðsluskammts (ein.))	Sá fjöldi insúlíneininga sem var raunverulega gefinn í insúlíngjöf hleðsluskammts.
Bolus Duration (h) (tímalengd hleðsluskammts (klst.))	Tímalengd hleðsluskammts í Square eða Square-hluti Dual Wave™ hleðsluskammts.
Prime Type (tegund kveikju)	Tegund kveikju getur verið handvirk eða föst. Handvirk er notuð rétt eftir að snúið er til baka, til að fylla leiðslur innrennslissettsins af insúlíni áður en það er sett inn. Föst er notuð eftir að innrennslissett hefur verið sett inn til að fylla mjúku holnálna með insúlíni eftir að innsetningarnálin hefur verið fjarlægð.
Prime Volume Delivered (U) (gefið magn kveikju (ein.))	Fjöldi insúlíneininga sem raunverulega var gefinn fyrir kveikjuna.
Alarm (neyðarboð)	Heiti neyðarboða sem komu upp.
Suspend (stöðva)	Tilgreindir stöðvað ástand dælnnar.
Rewind (snúa til baka)	Dagsetning og tími þegar tækinu var snúið til baka.
BWZ Estimate (U) (BWZ áætlun (ein.))	Áætlað insúlín hleðsluskammts sem reiknað er út af Bolus Wizard™ virkninni.
BWZ Target High BG (BWZ-takmark fyrir háan blóðsykur)	Stillingin fyrir efri mörk bils blóðsykurstakmarks, notuð af Bolus Wizard™ virkninni.
BWZ Target Low BG (BWZ takmark fyrir lágan blóðsykur)	Stillingin fyrir neðri mörk bils blóðsykurstakmarks, notuð af Bolus Wizard™ virkninni.
BWZ Carb Ratio (BWZ kolvetnishlutfall)	Stillingin fyrir hlutfall insúlíns-í-kolvetni. Séu grömm notuð sem eining er hlutfallið sá fjöldi gramma sem ein eining insúlíns nær yfir. Ef skipti eru notuð sem einingar er hlutfallið sá fjöldi insúlínseininga sem notaður er til að ná yfir ein skipti.
BWZ Insulin Sensitivity (BWZ insúlínnæmi)	Stillingin fyrir insúlínnæmi. Insúlínnæmi er það magn sem blóðsykur þinn lækkar um með einni einingu af insúlíni. Þetta er notað af Bolus Wizard™ virkninni.
BWZ Carb Input (BWZ kolvetnisinntak)	Fjöldi kolvetna sem færður er inn í Bolus Wizard™ og notaður til að áætla hleðsluskammt.
BWZ BG Input (BWZ blóðsykursinntak)	Blóðsykursmæling þegar hún er færð inn í Bolus Wizard™ og notuð til að áætla hleðsluskammt.
BWZ Correction Estimate (U) (BWZ leiðréttingaráætlun (ein.))	Einingar hleðsluskammtsinsúlíns sem gefa skal fyrir blóðsykursleiðréttingu, samkvæmt útreikningum Bolus Wizard™ virkninnar.
BWZ Food Estimate (U) (BWZ mataráætlun (ein.))	Áætlaðar einingar hleðsluskammtsinsúlíns sem á að gefa til að ná yfir væntanlegt magn inntaks kolvetna, samkvæmt útreikningum Bolus Wizard™ virkninnar.
BWZ Active Insulin (U) (BWZ virkt insúlín (ein.))	Magn virks insúlíns sem reiknað er að sé eftir í líkamanum eftir fyrri insúlíngjafir hleðsluskammts þegar Bolus Wizard™ virknin sker úr um áætlað magn hleðsluskammts.
Sensor Calibration BG (Blóðsykur nemakvörðunar)	Blóðsykursgildið sem notað er til að kvarða nemann.

Dálkafyrirsögn	Skilgreining
Sensor Glucose (Nemablóðsykur)	Gildi nemablóðsykurs.
ISIG value (Gildi millifrumumerkis)	Inntaksmerki (ISIG) sem eru lesin frá nemanum og mæld í nanóamperum (nA).
Event Marker (Viðburðamerki)	Skrá yfir eftirfarandi viðburði sem færðir eru inn af notandanum, þar á meðal: <ul style="list-style-type: none"> • BG • Inndæling • Matur (magn kolvetna) • Hreyfing (tímalengd) • Önnur

Meira um CSV-skrár sem fluttar eru út af CareLink™ kerfinu

Titillinn efst í CSV-skránni hefur að geyma eftirfarandi:

- nafn sjúklings
- lista yfir valin tæki og raðnúmer þeirra
- valið dagsetningabil

Hver dálkabálgur hefur titil sem hefur að geyma eftirfarandi:

- nafn tækisins sem gagnasafnið á við um
- raðnúmer þess tækis

Ef gögnin birtast ekki eins og vænst er

Ýmislegt getur valdið því að CSV-gögnin birtist öðruvísi en vænst er.

- Breytingar á dagsetningu eða tíma í tækinu geta breytt röðinni eða valdið því að færslur utan valins dagsetningabils séu sýnd.
- Ef það er stór eyða milli tækjaupphleðsla geta gögn fyrir það tæki birtst í nokkrum bálgum.

Orðalisti

BG - Stytting fyrir blóðsykur.

CareLink™ Personal hugbúnaður - Þjónusta á neitnu sem gerir kleift að hafa stjórn á sykursýki í gegnum Internetið.

Hækka notanda - Til að veita notanda meiri stjórnandaréttindi.

Kolvetniseiningar - Matarfærslan þegar Bolus Wizard™ virknin er notuð. Færð inn sem (kolvetni) grömm eða skipti.

Mælir - Lækningatæki sem ætlað er að skera úr um áætlaðan styrk blóðsykurs í blóðinu. Lítil blóðdropi er settur á einnota prófstrimil sem mælirinn les og notar til að reikna út blóðsykursmagn.

Ógilda notanda - Koma tímabundið í veg fyrir að notandi beiti innskráningarréttindum.

Safnvista sjúkling - Safn af skýrslum aftur í tímann sem veita upplýsingar um sjúkling.

Upphleðsla - Ferlið þegar dælu- eða mælisgögn eru flutt á CareLink™ netþjóninn.

Virkja - Að veita einhverjum réttindi eða virkja einhvern til að gera eitthvað.

Atriðisorðaskrá

A

að kalla fram mats- og framvinduskýrslur 24
að kalla fram skýrslur 24
aðalverkefni CareLink kerfisins 6

Á

ábendingar fyrir notkun 4

C

CareLink Personal
boð með tölvupósti 14
núverandi reikningur 14
tenging fjarlægð 15
tenging við reikning 14
CSV-skrár
útflutningur tækjagagna í 25

D

dagleg
val á skýrslum 25
dashboard (stjórnborð)
skjámynd 6
dælu bætt við hugbúnaðinn 18
dælur 18
tenging við tölvu 17

E

eiginleikar CareLink 1

F

frábendingar 4

G

grundvallarverkefni CareLink kerfisins 6
gögn
upphleðsla 18
val á uppruna 21

H

helstu eiginleikar CareLink 1
Hjálparsími, hafa samband 3
hlutverk stjórnanda læknastofu fjarlægt 28
hvernig nota á þennan leiðarvísi 3
hækkað í hlutverk stjórnanda læknastofu 8

L

leitað
eftir tækjagögnum fyrir skýrslur 23
læknastofa
8, 28
8
28
notendur 8
skjámyndin dashboard (stjórnborð) 6
skýrslustillingar 9

M

mælar 18
tenging við tölvu 17
mæli bætt við hugbúnaðinn 18

N

notanda læknastofu bætt við 8

notandi
ógilda 28
virkja 28
notandi læknastofu
ógilda 28
virkja 28
notendahandbók
framsetning 3
notendur læknastofu
bæta við 8

Ó

ógilda notanda læknastofu 28

R

raðtengingar 17

S

skilgreina 10
skilgreina 10
setja upp
upphleðsla 16
sjúklingaprófil breytt 12
sjúklingi bætt við 12
sjúklingur
afmerkja 14
breyta 12
bæta við 12
merkja 13
safnvista 13
skýrslustillingar 21
virkja 13
sjúklingur afmerktur 14
sjúklingur merktur 13
sjúklingur safnvistaður 13
sjúklingur virkjaður 13
skilgreina
10
10
skilgreining skýrslustillinga 10
skjámynd
clinic dashboard (stjórnborð læknastofu) 6
skjámyndin clinic dashboard (stjórnborð
læknastofu) 6
skýrsla
læknastofustillingar 9
sjúklingastillingar 21
skýrslur
stofna 22, 23
leitað eftir tækjagögnum 23
val á skýrslutímabili 23
stofnaðu þínar eigin 25

skýrslutímabil
val 23
snúður fyrir tengingu tækja við tölvu
rað 17
USB 17
staðfesting skýrslustilinga sjúklings 21
staðfesting skýrslustillinga læknastofu 9
stillingar
skýrslustillingar læknastofu 9
skýrslustillingar sjúklings 21
stjórnandi læknastofu
að hækka 8
fjarlægja 28
stofna skýrslur 22
gerðu þínar eigin skýrslur 25
leitað eftir tækjagögnum 23
staðfesting skýrslustilinga sjúklings 21
val á skýrslutímabili 23

T

tákn 31
táknmynd 31
tenging tækja við tölvu
mælavalkostir 17
tenging við CareLink Personal reikninga
boð með tölvupósti 14
núverandi reikningur 14
tenging við CareLink Personal reikninga
fjarlægð 15
tengingar vélbúnaðar 16
tæki
18
18
18
fjarlægja 19
leitað eftir gögnum fyrir skýrslur 23
tenging 17
upphleðsla 18
útflutningur gagna 25
tæki bætt við hugbúnaðinn 18
tæki fjarlægt úr hugbúnaðinum 19
tækjum bætt við
dælur 18
mælar 18
tölvutengingar
rað 17
USB 17

U

upphleðsla
tæki 18
uppsetning 16
vélbúnaður 16

uppsetning
vélbúnaður 16
USB tengingar 17

Ú

úrræðaleit 30
útflutningur tækjagagna 25

V

val
skýrslutímabilið 23
val á daglegum skýrslum 25
val á uppruna gagna 21
vara
yfirlit 1
varnaðarorð 4
virkja notanda læknastofu 28

Y

yfirlit yfir CareLink Pro 1

Ö

öryggi 4
öryggi notanda
ábendingar fyrir notkun 4
frábendingar 4
varnaðarorð 4
öryggiseiginleikar CareLink 3
öryggiseiginleikar CareLink 3
öryggiseiginleikar CareLink 3